

Vesturbyggð  
Aðalstræti 75  
450 PATREKSFIRÐI

Reykjavík, 27. júní 2024  
Tilvísun: OS2022110003  
Skjalnúmer: 420385

## Efni: Beiðni um umsögn um umsókn Arnarlax ehf. um nýtingarleyfi til töku grunnvatns á Gileyri í Tálknafirði, Vesturbyggð

Með bréfi dags. 2. nóvember 2022 sendi Arnarlax ehf. Orkustofnun umsókn um nýtingarleyfi til töku grunnvatns vegna seiðaeldisstöðvar fyrirtækisins á Gileyri í Tálknafirði, Tálknafjarðarhreppi (nú Vesturbyggð), með vísan til 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög). Fram kemur í gögnum máls að stöðin hafi verið starfandi frá 1984, þ.e. fyrir gildistöku auðlindalaga, en að stefna fyrirtækisins sé að hafa nýtingarleyfi fyrir þær borholur sem nýttar séu, en ekki séu uppi áform um aukna vatnstöku.

Með bréfi Orkustofnunar, dags. 31. mars 2023, var staðfest móttaka umsóknar en jafnframt gerðar all nokkrar athugasemdir við gögn og framsetningu. Í kjölfar nokkurra samskipta milli aðila barst Orkustofnun svo uppfærð umsókn þann 24. apríl 2024, ásamt eftirtöldum fylgiskjölum:

- Kort af stöðinni með merkingum
- Aðalskipulag Tálknafjarðar 2006-2018
- Matskyldufyrirspurn
- Deiliskipulag svæðisins
- Tryggingar Gileyri
- Leigusamningur á Eysteinseyri
- Veðbókarvottorð
- Ákvörðun um matskyldu frá Skipulagsstofnun, dags. 11. nóvember 2022
- Mynd af eldisstöð og byggingum
- Endurskoðað Aðalskipulag 2019-2039
- Landeigendur Eysteinseyri og Gileyri

Orkustofnun hefur farið yfir umsókn Arnarlax ehf. og telur hana uppfylla skilyrði og viðmið til áframhaldandi vinnslu erindis.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. auðlindalaga felur nýtingarleyfi í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í auðlindalögum og Orkustofnun telur nauðsynlega. Um veitingu leyfis, efni þess og afturköllun fer skv. VIII. kafla laganna.



Með vísan til 3. mgr. 6. gr. auðlindalaga er hér með óskað umsagnar sveitarstjórnar Vesturbyggðar um framkomna umsókn Arnarlax ehf.

Þess er óskað að umsögnin berist Orkustofnun en 19. júlí nk. Berist umsögn ekki fyrir tilgreindan tíma, lítur Orkustofnun svo á að ekki séu gerðar athugasemdir við umsóknina. Umsögn má senda rafrænt á netfangið [os@os.is](mailto:os@os.is).

Umsóknargögn má nálgast í rafrænni möppu með því að [smella hér](#).

Virðingarfyllt,  
f.h. Orkustofnunar

Anna Lilja Oddsdóttir  
Sérfræðingur

*Rafræn undirskrift*